

Fundargerð 463. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 11. október 2023 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Trausti Hjálmarsson, nefndarmaður og formaður deildar sauðfjárbænda innan BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ boðaði forföll. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 462 lögð fram til kynningar en hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

2. Til kynningar;

Erindi Bændasamtaka Íslands um úthlutun fjármuna til kolefnishlutleysis í garðyrkju til tveggja aðila kr. 6.262.550, en alls eru kr. 17.929.988 til ráðstöfunar á árinu 2023 skv. ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju. Erindið var afgreitt rafrænt í nefndinni en er bókað í þessari fundargerð.

3. Innanlandsvog sauðfjárframleiðslu 2024

Matvælaráðuneytið hefur gert tillögu að innanlandsvog í samræmi við 5. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt þar sem hlutverk hennar er að skilgreina þarfir og eftirspurn innanlandsmarkaðar eftir kindakjöti, m.a. með það að markmiði að álagsgreiðslur vegna gæðastýringar skiptist á þann hluta heildarframleiðslunnar sem ætluð er fyrir innanlandsmarkað.

Til grundvallar útreikningum á innanlandsvog liggja upplýsingar um sölu kindakjöts eftir skrokkhlutum síðastliðna 24 mánuði og spá um líklega söluþróun. Innanlandsvog er birt í tvennu lagi, þ.e. annars vegar fyrir dilkakjöt og hins vegar fyrir kjöt af fullorðnu fé. Á grundvelli þessa líkans liggur áætlun framleiðsluársins 2023 – 2024 nú fyrir.

Samhliða innanlandsvoginni hefur Matvælaráðuneytið gert spá um framleiðslu sem byggir á fjölda vetrarfóðraðra kinda og framleiðslu pr vetrarfóðraða kind sl. 4 ár. Með því er einnig hægt að áætla um útflutningsþörf á komandi framleiðsluári.

Innanlandsvog fyrir dilkakjöt framleiðsluárið 2023 – 2024 er 6.946 tonn. Það er sú framleiðsla sem þarf til að mæta eftirspurn eftir heilum skrokkum og skrokkhlutum, þ.e. frampörtum, hryggjum, lærum og slögum. Það er eftirspurn eftir lærum sem ræður magninu en til þess að fullnægja henni er umframframleiðsla/útflutningsþörf á frampörtum, hryggjum og slögum, alls 727 tonn.

Áætluð heildarframleiðsla á dilkakjöti er 7.126 tonn og miðað við hana er útflutningsþörf alls 907 tonn.

Innanlandsvog fyrir kjöt af fullorðnu fé framleiðsluárið 2023 – 2024 er 1.112 tonn. Það er sú framleiðsla sem þarf til að mæta innanlandseftirspurn eftir heilum skrokkum og skrokkhlutum. Eftirspurn eftir frampörtum ræður framleiðsluþörfinni fyrir innanlandsmarkað. Spá um heildarframleiðslu er 1.150 tonn og heildarútflutningsþörf 183 tonn.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði

- a) Tillaga að endurskoðun heildarlista á ríkisstuðlum mjólkurvara þar sem fram kemur hvað þarf mikið magn próteins og fitu í einstakar mjólkurvörur. Einnig tillaga að stuðlum fyrir nýja vöru þ.e. Ostablöndu nr. 6921. Nýir/breyttir stuðlar taka gildi 1. nóvember nk. Báðar tillögur samþykktar samhljóða.
- b) Tillaga að heildargreiðslumarki mjólkur fyrir verðlagsárið 2024 sem verði 151,5 milljónir lítrar – hækkun um 2,5 milljón lítra (+1,68% frá síðasta ári). Tillagan var tekin til umræðu. Afgreiðslu var frestað en gert ráð fyrir að hún verði afgreidd rafrænt fljótlega.

5. Erindi frá Bændasamtökum Íslands.

- a) Ráðstöfun fjármuna vegna kynbótaverkefna í garðyrkju. Til ráðstöfunar eru kr. 17.929.988. Tillaga um að úthluta fénu til kynbóta (vefjaræktun) á kartöflum í samvinnu við Matís ohf. Samþykkt samhljóða.
- b) Álag í gæðastýringu í sauðfjárrækt eftir sláturtíma árið 2024. Tillaga um að stuðlar gæðastýringarálags sem greiddir hafa verið á dilkakjöt eftir sláturtíma verði lagðir niður frá og með árinu 2024. Samþykkt samhljóða.
- c) Álag samkvæmt gæðaflokkum ullar árið 2024. Tillaga um að stuðlar ullarnýtingargreiðslna eftir mismunandi gæðaflokkum ullar verði lagðir niður frá og með árinu 2024. Munur eftir gæðaflokkum komi eingöngu fram í verði frá afurðastöð/ullarkaupendum. Samþykkt samhljóða.
- d) Ónýttar beingreiðslur í sauðfjárrækt. Óvirku ærgildin á árinu 2022 voru 8.895. Fjárhæð samtals kr. 61.900.305. Tillaga um að ráðstafa sem viðbótargreiðslu skv. gæðastýringu 2023. Samþykkt samhljóða.
- e) Mælaborð landbúnaðarins. Erindi um að ítreka að upplýsingar á mælaborðinu séu ávallt réttar m.a. í ljósi þess að um opinn vef er að ræða. Fram kom að villur sem hafa komið fram eru vegna yfirfærslna í forriti sem tekur upplýsingar úr Afurð. Málið er í skoðun í ráðuneytinu. Fram kom að ráðuneytið þiggur allar ábendingar um það sem betur má fara en mikilvægt er að þær séu afmarkaðar.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 13:29.